

LÖG SKYLMINGAFÉLAGS REYKJAVÍKUR (SFR)

1.gr.

Félagið heitir Skylmingafélag Reykjavíkur. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Merki félagsins skal vera skjöldur með fugli yfir. Á skyldinum skal vera mynd af grimu frami fyrir þrem krosslögðum sverðum. Umleikis skjöldin skal vera skreyti.

2.gr.

Markmið félagsins er að iðka skylmingar og glæða áhuga almennings á þeim.

3.gr.

Félagsmaður getur hver sá orðið, sem hlýtur til þess samþykki stjórnar félagsins.

4.gr.

Æfinga- og félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi félagsins.

5.gr.

Greiði félagsmaður ekki félagsgjöld missir hann kjörgengi og atkvæðisrétt á fundum félagsins.

6.gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, meðstjórnandi og tveir varamenn. Á fundum stjórnar ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála.

7.gr.

Stjórninni ber að gæta hagsmuna félagsins í hvívetna. Hún hefur umráð yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess.

8.gr.

Stjórnin getur vísað mönnum úr félaginu, telji hún framkomu þeirra félaginu til vansæmdar en þó getur viðkomandi farið fram á að málið verði tekið fyrir á félagsfundi.

9.gr.

Reikningar miðast við 1. janúar ár hvert.

10.gr.

Aðalfundur skal kjósa endurskoðanda úr hópi félagsmanna til að endurskoða reikninga félagsins og til að sjá um skil á endurskoðuðum ársreikningum fyrir starfsskýrslur félagsins til ÍSÍ.

11.gr.

- A. Aðalfundur skal haldinn árlega fyrir maí lok og framhaldsfundir svo oft sem þurfa þykir.
- B. Komi fram skriflegar óskir um aukafund frá að minnsta kosti 1/3 félagsmanna skal stjórnin boða til fundar, hafi löglega verið boðað til hans.
- C. Til aðalfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara bréflaga eða símleiðis og er hann lögmætur án tillits hve margir mæta.
- D. Á hverjum félagsfundi skal kosinn fundarstjóri, sem skipar fundarritara.
- E. Á aðalfundi skulu mál tekin fyrir sem hér segir:

I) Lögð fram skýrsla stjórnar.

II) Gjaldkeri leggur fram reikninga og skýrslu um fjármál frá byrjun reikningsárs.

III) Kosin stjórn.

IV) Önnur mál.

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála **nema lagabreytingum sjá 12. gr.** Ef atkvæði falla jöfn hefur tillögu verið hafnað.

12.gr.

Lögum þessum má ekki breyta nema með samþykki 2/3 hluta fundarmanna aðalfundar.

13.gr.

Ef félagið verður lagt niður, verður framgangsmátinn eftirfarandi:

- a. Tillögur um að leggja félagið niður má aðeins taka fyrir á lögmætum aðalfundi.
- b. Til samþykktar þarf minnst 2/3 hluta atkvæða.
- c. Aðalfundur skal ákveða hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.
- d. Tillaga um að leggja félagið niður skal koma fram í fundarboði.
- e. Sé samþykkt að leggja félagið niður, skal boða til aukaaðalfundar til að staðfesta niðurstöðuna.

(Samþykkt á aðalfundi SFR 8. maí 2009)